

Erindi: Viðbótarstuðningur til að ganga frá útilífsmiðstöðinni Vífilsbúð við Grunnuvötn

Ágæta bæjarstjórn.

Á miðju ári 2019 var skrifað undir saming milli Bæjarstjórnar Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um fjármögnun og framkvæmdir við byggingu skátaskála við Grunnuvötn.

Hönnun og undirbúningur stóð yfir það sem eftir lifði 2019 en undir áramótin fór af stað vinna við aðstöðusköpun, vegagerð og undirstöður undir húsið.

Í mars 2020 fékkst byggingaleyfi og þá voru framkvæmdir settar á fullt sem hafa gengið vel og slysalaust fyrir sig. Húsið er risið, einangrað, klætt og tengt við veitur auk þess sem frágangur í kringum húsið gengur vel.

Kostnaðaráætlanir gerðu hvorki ráð fyrir Covid né kostnaðarhækkunum sem því hafa fylgt sem hafa haft áhrif á fjárhagshlið verkefnisins.

Við vonuðumst eftir að endurgreiðsla virðisauka myndi hjálpa okkur að loka því gati sem hefur verið að myndast á þessu ári en við höfum fengið það staðfest að það standi okkur ekki til boða þar sem fjármagn til framkvæmda komi frá opinberum aðila.

Við eru ennþá innan fjárheimilda og munum ekki fara lengra en þær heimila á hverjum tíma.

Til að ljúka byggingu og fá á henni lokaúttekt þá sjáum við fram á viðbótarfjárbörf upp á 12-15 milljónir til að mæta fyriséðum kostnaði.

Það er ósk okkar að Bæjarsjóður styðji okkur með viðbótarfjármagni til að hægt verði að ljúka verkinu og að hægt verði að taka húsið í notkun sem allra fyrst þegar Covid verður hætt að hafa áhrif á samfélag okkar og líf.

Fyrir hönd bygginganefndar Vífilsbúðar,

Björn Hilmarsson

